

FUNDARGERÐ

Föstudaginn 28. nóvember 2014 kl. 11:00 kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í húsakynnum innanríkisráðuneytisins. Fundurinn fór fram í Tómothúsi, fundarherbergi á 4. hæð Sölvhólgötu 7 Reykjavík.

Fundinn sátu nefndarmennirnir Guðmundur Bjarnason formaður, Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, varamaður Bjarkar Þorsteinsdóttur, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Bergi Sigurbjörnssyni, Elínu Pálsdóttur, Elínu Gunnarsdóttur, Guðna Geir Einarssyni og Halldóri V. Kristjánssyni.

Guðmundur Bjarnason setti fundinn og bauð fundarmenn velkomna. Gengið var til dagskrár.

FUNDARGERÐ

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fundargerð frá fundi ráðgjafarnefndar 8. október 2014. Fundargerðin var samþykkt án athugasemda og undirrituð. Jafnframt var lögð fram til kynningar fundargerð frá ársfundi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga 8. október 2014.

ÁRSUPPGJÖR JÖFNUNARSJÓÐS SVEITARFÉLAGA 2013

Endurskoðunarbréf 2013

Lagt var fram til kynningar undirritað bréf Ríkisendurskoðunar, dags. 26. nóvember 2014, þar sem gerð er grein fyrir framkvæmd endurskoðunar Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna ársins 2013, afkomu sjóðsins á árinu og fjárhagsstöðu. Í bréfinu er jafnframt gerð grein fyrir fjárheimildum og rekstri, innra eftirliti hjá sjóðnum, endurskoðun efnahags- og rekstrarliða, þ.e. framlaga sjóðsins og niðurstöðum Ríkisendurskoðunar. Ekki eru gerðar athugasemdir af hálfu Ríkisendurskoðunar og er frágangur bókhalds sagður í góðu horfi.

Á grundvelli endurskoðunarinnar var ársreikningur sjóðsins undirritaður með eftirfarandi áritun: „Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu sjóðsins á árinu 2013, efnahag 31. desember 2013 og breytingu á handbæru fé á árinu 2013 í samræmi við lög um ársreikninga og fjárreiður ríkisins.“ Ráðgjafarnefnd lýsti yfir ánægju sinni með ársuppgjör 2013 og niðurstöður Ríkisendurskoðunar.

FJÁRAUKALÖG 2014

Í minnisblaði, dags. 26.11.2014, sem lagt var fram á fundinum, kemur fram að við 2. umræðu framvarps til fjárukalaga 2014 hafi lögbundin framlög frá ríki í Jöfnunarsjóð hækkað um 442 m.kr. til viðbótar við þær 308 m.kr. sem fram komu við framlagningu frumvarpsins. Hækkun á framlögum til sjóðsins á grundvelli fjárukalaga er því 750 m.kr. frá gildandi fjárlögum.

Eins og samþykkt hefur verið þá munu 50% af tekjum Jöfnunarsjóðs af sérstökum bankaskatti á árinu 2014 eða 367,3 m.kr. verða greidd sveitarfélögum með sérstöku framlagi vegna tekjutaps þeirra í kjölfar ákvæða laga nr. 40/2014 um skattfrelsi séreignarsparnaðar og ráðstöfun hans til greiðslu húsnæðislána og húsnæðissparnaðar.

Tekið er tillit til þessa við endurskoðun á greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins vegna ársins 2014.

GREIÐSLU- OG REKSTRARÁÆTLUN 2014

Endurskoðun

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2014 á grundvelli frumvarps til fjárukalaga 2014. Í tekjuhlið áætlunarinnar er gerð grein fyrir hækkun á lögbundnum framlögum frá ríki á grundvelli frumvarpsins sem nemur samtals um 750 m.kr. eins og áður hefur komið fram. Með tilvísun til þessa hækka áætlaðar tekjur sjóðsins á árinu úr 37.018,0 m.kr. í 37.768,0 m.kr.

Hvað gjaldahlið áætlunarinnar varðar þá lækka bundnu framlögin úr 1.512,0 m.kr. í 1.341,0 m.kr. þar munar mest um 190,0 m.kr. lækkun á áætluðu framlagi til Innheimtustofnunar sveitarfélaga. Í

tengslum við hækkun á lögbundnu framlögunum frá ríki hækka bundnu framlögin til Sambands íslenskra sveitarfélaga og landshlutasamtaka samtals um 19,0 m.kr.

Hvað sérstöku framlögin varðar þá hækka þau úr 7.689,0 m.kr. í 7.972,0 m.kr. eða um 283,0 m.kr. sem stafar af hækkun á lögbundnu framlögunum frá ríki og auknu ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til greiðslu framlaga vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts og framlaga vegna húsaleigubóta.

Að endurskoðun lokinni og að teknu tilliti til greiðslu til sveitarfélaga á sérstöku framlagi vegna tekna sjóðsins af bankaskatti er nú óráðstafað 718,0 m.kr.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að endurskoðuð greiðslu- og rekstraráætlun sjóðsins vegna ársins 2014 verði samþykkt.

INNHEIMTUSTOFNUN SVEITARFÉLAGA

Endurskoðuð fjárförf 2014 og áætlun um fjárförf 2015

Lagt var fram til kynningar bréf Innheimtustofnunar sveitarfélaga, dags. 19. nóvember 2014. Þar kemur fram að innheimta Innheimtustofnunar á ógreiddum meðlögum hefur verið mun betri á árinu 2014 en áætlanir gerðu ráð fyrir og er því áætluð fjárförf stofnunarinnar úr Jöfnunarsjóði því mun minni eða 760,0 m. kr. í stað 950,0 m.kr.

Gert er ráð fyrir að fjárförf stofnunarinnar á árinu 2015 verði 800,0 m.kr. eða um 40,0 m.kr. hærri en á árinu 2014. Greiðslu- og rekstraráætlanir sjóðsins fyrir árin 2014 og 2015 verða endurskoðaðar með tilvísun til þessarar lækkunar á fjárförf stofnunarinnar úr Jöfnunarsjóði.

FJÁRHAGSERFIDLEIKAR SVEITARFÉLAGA

Hafnarfjarðarkaupstaður

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 24. október sl., á grundvelli ákvæða b-liðar 7. gr. reglugerðar um Jöfnunarsjóð sveitarfélaga nr. 960/2010, að óska eftir umsögn Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga um erindi Hafnarfjarðarkaupstaðar, dags. 8. október 2014, hvað varðar beiðni um aðkomu sjóðsins að kostnaði vegna úttektar á rekstri sveitarfélagsins.

Umsögn Eftirlitsnefndar liggur enn ekki fyrir en mun berast sjóðnum fyrir fund ráðgjafarnefndarinnar í desember.

Reykjanesbær

Áhrif af hækkaðri álagningu útsvars og fasteignaskatts á framlög úr sjóðnum.

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu fyrirspurn Reykjanesbæjar, dags. 19. nóvember 2014, þar sem óskað er upplýsinga um hvaða áhrif ákvörðun bæjarráðs Reykjanesbæjar frá 6. nóvember 2014, um að hækka álagningu útsvars úr 14,52% í 15,05% og álagningu fasteignaskatts A- stofns úr 0,3% í 0,5%, kæmi til með að hafa á úthlutanir framlaga úr sjóðnum.

Að teknu tilliti til þessarar hækkunar á A-stofni fasteignaskattsins mun áætlað framlag til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts hækka um 80 m.kr., þegar miðað er við forsendur ársins 2014. Þar sem framlag til jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts er einnig lagt til grundvallar við útreikning tekjujöfnunarframlaga sjóðsins mun hækkun þess framlags leiða til 60 m.kr., lækkunar á tekjujöfnunarframlagi úr sjóðnum að teknu tilliti til áætlunar um úthlutun framlagsins á árinu 2014.

Hvað hækkun á álagningarprösentu útsvarsins varðar þá staðfesti ráðgjafarnefndin að sú hækkun kæmi ekki til með að hafa áhrif á útreikning og úthlutun tekjujöfnunarframlags til sveitarfélagsins.

Breiðdalshreppur – Samningur við IRR

Á fundi ráðgjafarnefndar 8. september sl. var erindi Breiðdalshrepps frá því í ágúst sl. tekið til umfjöllunar og afgreiðslu. Í erindinu var gerð grein fyrir erfiðri fjárhagsstöðu sveitarfélagsins og óskað eftir aðkomu Jöfnunarsjóðs þar að lútandi. Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að beiðni

Breiðdalshrepps verði hafnað þar eð fagleg greining á vanda sveitarfélagsins með aðkomu Eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga væri forsenda þess að hægt væri að taka beiðni sveitarfélagsins til umfjöllunar og afgreiðslu.

Nú liggja fyrir drög að samkomulagi innanríkisráðherra og sveitarstjórnar Breiðdalshrepps um fjárhagslegar aðgerðir og eftirlit á grundvelli 83. gr. laga nr. 138/2011, sem lögð voru fram til kynningar á fundinum. Á grundvelli 4. gr. samkomulagsins mun ráðuneytið beita sér fyrir því að úthlutað verði framlagi úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til greiðslu kostnaðar við störf sérfræðings, en kveðið er á um ráðningu hans í 7. lið, 3. gr. samkomulagsins. Ráðuneytið mun fylgjast með framvindu þeirra aðgerða sem samkomulagið gerir ráð fyrir.

Jafnframt var lögð fram til kynningar á fundinum áætlun Breiðdalshrepps um kostnað við framkvæmd þeirra ákvæða sem fram koma í samkomulaginu. Um er að ræða árlegan kostnað að fjárhæð 17,0 m.kr. sem sveitarfélagið telur að þurfi að sækja í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að frekari umfjöllun um erindið og afgreiðslu þess værifrestað.

JÖFNUN Á TEKJUTAPI VEGNA FASTEIGNASKATTS

Tillaga að uppgjöri framlags 2014

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu tillaga að uppgjöri á framlagi vegna jöfnunar á tekjutapi vegna breytinga á álagningarstofni fasteignaskatts.

Uppgjör framlagsins byggir á endurskoðuðum útreikningi, sem lagður var fyrir ráðgjafarnefnd í júní sl., að teknu tilliti til hækkunar á ráðstöfunarfjármagni sjóðsins til greiðslu framlagsins úr 3.416,1 m.kr. í 3.621,0 m.kr.

Samkvæmt útreikningi nemur fjárþörf sveitarfélaga fyrir framlag á grundvelli reglugerðar um jöfnun á tekjutapi sveitarfélaga vegna lækkunar tekna af fasteignaskatti, nr. 80/2001 með síðari breytingum, samtals 5.278,4 m.kr. á árinu 2014. Fjármagn til ráðstöfunar á árinu nemur 3.621,0 m.kr. og er því lagt til að niðurstaða útreikninga verði aðlöguð að þeirri fjárhæð. Úthlutað framlag á árinu 2014 nemur 68,8% af útreiknaðri heildarfjárþörf sveitarfélaga.

Ráðgjafarnefnd samþykkti að leggja til að úthlutun framlags vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts nemi samtals 3.621,0 m.kr. á árinu 2014. Til greiðslu hafa nú þegar komið 3.416,2 m.kr. Uppgjörsgreiðsla framlagsins í desember nemur því um 204,8 m.kr.

Við tillögugerð að uppgjöri framlags vegna jöfnunar á tekjutapi vegna fasteignaskatts á árinu 2014 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

ÚTGJALDAJÖFNUNARFRAMLÖG

Tillaga að hækkaðri úthlutun framlaga 2014

Á grundvelli greiðslu- og rekstraráætlunar sjóðsins sem lögð var fram á fundi ráðgjafarnefndar 24. október sl. nemur áætluð úthlutun útgjaldajöfnunarframlaga sjóðsins 6.050,0 m.kr. á árinu 2014. Að teknu tilliti til endurskoðaðrar greiðslu- og rekstraráætlunar sjóðsins sem lögð var fyrir fund nefndarinnar 28. nóvember 2014 nema óráðstafaðar tekjur sjóðsins um 700 m.kr. eftir að tekið hefur verið tillit til hækkunar framlaga í sjóðinn á fjárukalögum 2014 og greiðslu á sérstöku framlagi til sveitarfélaga vegna bankaskatts.

Með tilvísun til þessa samþykkti ráðgjafarnefndin að leggja til að útgjaldajöfnunarframlög á árinu 2014 verði hækkuð um 700 m.kr. og fari úr 6.050,0 m.kr. í 6.750,0 m. kr.

Við tillögugerð að hækkuðu útgjaldajöfnunarframlagi á árinu 2014 til Sveitarfélagsins Skagafjarðar, Mosfellsbæjar, Akureyrarkaupstaðar og Vopnafjarðarhrepps viku nefndarmennirnir Bjarni Jónsson, Bryndís Haraldsdóttir, Hermann Jón Tómasson og Þórunn Egilsdóttir af fundi, hver fyrir sig, þegar fjallað var um þeirra sveitarfélag.

YFIRFÆRSLA Á REKSTRI GRUNNSKÓLANS ÖNNUR FRAMLÖG

Spegluð kennsla – Úthlutun framlags þökkuð

Greint var frá tölvupóstssamskiptum sem Hjálmar Árnason, framkvæmdastjóri Keilis, átti við Jöfnunarsjóð 13. nóvember sl. Fram kom að laugardaginn 15. nóvember myndi mennta- og menningarmálaráðherra opna stærðfræðivefinn sem Jöfnunarsjóður styrkti með framlagi að fjárhæð 3,0 m.kr. á grundvelli heimildar í 8. gr. reglugerðar um jöfnunarframlög Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga til reksturs grunnskóla, nr. 351/2002. Stærðfræðivefurinn tengist þróunarverkefninu „Spegluð kennsla.“ Fulltrúum úr ráðgjafarnefnd sjóðsins voru færðar þakkir fyrir aðkomu sjóðsins að verkefninu og var boðið að vera við opnunina. Því miður gátu þeir ekki þegið boðið en kveðja og árnaðaróskir bárust frá sjóðnum. Allir nemendur og kennarar landsins eiga nú að hafa aðgang að stærðfræðivefnum.

YFIRFÆRSLA Á MÁLEFNUM FATLAÐS FÓLKS

LENGD VIÐVERA

Kostnaður vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna í 5. – 10. bekk og framhaldsskólanemenda fellur undir heildarfjárhagsramma vegna yfurfærslu á málefnum fatlaðs fólks frá ríki til sveitarfélaga. Fjármagn til ráðstöfunar nemur 89,0 m.kr. á árinu 2014. Gert er ráð fyrir að 70,0 m.kr. komi til úthlutunar vegna lengdrar viðveru fatlaðra grunnskólabarna og 19,0 m. kr. vegna lengdrar viðveru framhaldsskólanemenda.

Óskað var eftir því við þjónustusvæðin að þau sæktu annars vegar um vegna vorannar 2014 og hins vegar vegna haustannar 2014. Fjöldi þeirra sem nýta sér þjónustuna á hverju þjónustusvæði gefur hlutfallslegt vægi af heild þeirra sem nýta sér þjónustuna og er grundvöllur að endanlegu framlagi til þjónustusvæða.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu yfirlit yfir fjölda þeirra grunn- og framhaldsskólanemenda sem hafa nýtt sér þjónustuna á árinu. Fjöldi þeirra grunnskólabarna sem nýttu sér þjónustuna á árinu var 191 á vorönn 2014 og 186 á haustönn. Fjöldi framhaldsskólanemenda var 98 á vorönn 2014 og 104 á haustönn.

Ráðgjafarnefndin samþykkti að leggja til að framlag á hvern grunnskólanemanda á vorönn 2014 næmi 194.241 en 176.882 kr. á haustönn. Hvað framhaldsskólanemendurnar varðar var fjárhæðin 102.755 kr. á vorönn en 85.865 kr. á haustönn. Með tilvísun til þessa nemur heildarframlag vegna lengdrar viðveru á árinu 2014 samtals 89,0 m.kr.

NÝ BÚSETUÚRRÆÐI VEGNA MÁLEFNA FATLAÐS FÓLKS

Möguleg aðkoma Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga - Tillögur

Meðal forráðamanna sveitarfélaga á fámennum félagsþjónustusvæðum, þar sem engin búsetuþjónusta er til staðar, hafa komið fram þau sjónarmið að mjög kostnaðarsamt sé að byggja upp úrræði fyrir fatlaða einstaklinga.

Í kjölfarið hafa komið fram hugmyndir um hvort Jöfnunarsjóður geti ívilnað þeim svæðum sem þurfa að koma slíkri þjónustu á laggirnar á næstu árum með sérstöku heimildarákvæði í reglugerð sjóðsins um framlög vegna fatlaðs fólks. Undirtektir nefndarinnar voru jákvæðar og verður málið tekið til frekari skoðunar við setningu nýrrar reglugerðar í byrjun árs 2015.

ÖNNUR MÁL

Árlegur fundur með forstöðumönnum skólaskrifstofa/grunnskólafulltrúum

Lögð var fram til kynningar dagskrá fundar ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga með forstöðumönnum skólaskrifstofa og grunnskólafulltrúum sveitarfélaga sem fram fer nú síðdegis 28. nóvember.

Heildarendurskoðun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

Í byrjun nóvember sl. fékk Hagfræðistofnun Háskóla Íslands tillögur Jöfnunarsjóðs að nýju reikniverki jöfnunarframlaga til skoðunar.

Áætlað er að Hagfræðistofnun skili niðurstöðum sínum eigi síðar en 15. desember nk. Ráðgjafarnefnd verður greint nánar frá aðkomu stofnunarinnar þegar niðurstöður liggja fyrir.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga

Lagt var fram til kynningar frumvarp til laga um breytingar á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, nr. 4/1995 með síðari breytingum, er ná m.a. til fjölgunar fulltrúa í ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og greiðslu á sérstöku framlagi til sveitarfélaga vegna tekna sjóðsins af bankaskatti. Reiknað er með að mælt verði fyrir frumvarpinu fljótlega.

Skorradalshreppur

Ráðgjafarnefndin samþykkti á fundi sínum 13. desember 2013 að Jöfnunarsjóður kæmi að kostnaði við ráðgjafar- og greiningarvinnu sem að mati Skorradalshrepps var nauðsynlegt að ráðast í vegna erfiðleika við fjármögnun venju- og lögbundinna verkefna sveitarfélagsins í kjölfar setningar reglugerðar, nr. 1226/2013. Reglugerðin kveður á um að jöfnunarframlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, skuli falla niður. Um var að ræða kostnað að fjárhæð allt að 500.000 kr. Á fundinum samþykkti ráðgjafarnefndin að taka til greina kostnað að fjárhæð 792.000 kr. vegna greiningar- og ráðgjafarvinnunnar.

Samþykkt var að stefnt verði að næsta fundi ráðgjafarnefndar 12. desember nk. og að um símafund verði að ræða.

Fleira var ekki gert og var fundi slitið kl. 13:30.

Halldór V. Kristjánsson